

ÁRSSKÝRSLA VR 2002-2003

Stjórn VR 2002-2003	4
Ávarp formanns	5
Kaup og kjör	6
Breytingar á kjarasamningi milli VR og SA	6
Breytingar á kjarasamningi milli VR og SV/FÍS	6
Fyrirtækjasamningar	7
Launakönnun	7
Fyrirtæki ársins 2002	7
Ímyndar- og þjónustukönnun	7
Rýnihópar	7
Kjara- og innheimtumál	7
Fraðsla	8
Námskeið	8
Námskeið fyrir trúnaðarmenn	8
Fyrirlestraröð	8
Kynningar í skólum	8
Önnur verkefni	8
Styrkir til félagsmanna	8
Styrkir vegna fræðslu- og menningarmála	9
Framkvæmdastjórn fræðslusjóðs VR	9
Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks	9
Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar	9
Heilbrigðismál	10
Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði	10
Stofnstyrkir úr framkvæmdasjóði Sjúkrasjóðs	11
Stjórn Sjúkrasjóðs	11
Orlofsmál	12
Orlofshús árið 2002	12
Nýting orlofshúsa og vagna	12
Spánn	13
Orlofsávisanir	13
Fyrstur kemur fyrstur fær	13
Stjórn orlofssjóðs 2002-2003	13
Atvinnuleysisbætur	14
Úthlutun atvinnuleysisbóta	14
Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta nr. 2	14
Samskipti og fundir	15
LÍV flytur í húsnæði VR	15
Fundir	15
Nýársfundur	15
Ráðgjafarnefnd félagsmanna	15
Ársfundur ASÍ	15
23. þing LÍV	15
Erlent samstarf	15
Almennar upplýsingar	16
Félagsmál	16
Útgáfu- og kynningarmál	16
Aðild að stofnunum	16
Félagatal	16
Skipulag á skrifstofu	17
Þjónustuver	19
Kjörin stjórn og trúnaðarmannaráð 2002	19
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	22
Starfsemi og þjónusta VR árið 2002	
Efnisyfirlit ársreiknings	
Áritun stjórnar	25
Áritun endurskoðenda	25
Rekstrarreikningur	26
Efnahagsreikningur	28
Sjóðstreymi	32
Skýringar með ársreikningi	33

STJÓRN VR 2002 – 2003

**Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur var þannig
skipuð starfsárið 2002- 2003:**

Gunnar Páll Pálsson, formaður
Stefanía Magnúsdóttir, varaformaður
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari
Benedikt Vilhjálmsson
Bjarnýs Lárusdóttir
Edda Kjartansdóttir
Gunnar Böðvarsson
Kolbeinn Sigurjónsson
Kristín Sigurðardóttir
Rannveig Sigurðardóttir
Sigrún Baldursdóttir
Sigurður Sigfússon
Steinar J. Kristjánsson
Valdís Haraldsdóttir
Valur M. Valtýsson

Varamenn:

Ingveldur Sigurðardóttir
Jón Magnússon
Þorlákur Jóhannsson

Mikil aukning á þjónustu við félagsmenn

Á árinu 2002 voru miklar umbreytingar í starfsemi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Starfsstöð var opnuð á Akranesi, Landsamband íslenskra verzlunarmanna flutti inn á skrifstofu VR og nýr formaður tók við af Magnúsi L. Sveinssyni sem hafði verið farsæll formaður og þar áður framkvæmdastjóri frá 1962. Félagsmönnum var í fyrsta skipti send orlofsávisun sem hægt var að nota sem greiðslu hjá ýmsum ferðaþjónustuaðilum. Jafnframt jukust stórlega þarfir félagsmanna fyrir þjónustu VR sem rekja má að hluta til slæms árferðis í atvinnulífinu en gjaldþrot og atvinnuleysi jókst enn á árinu.

Alls fengu 2.408 félagsmenn VR greiddar atvinnuleysisbætur á árinu og fjölgaði þeim um 89% á milli ára, jafnframt voru tekin um 1.157 mál til formlegrar meðferðar í kjaramáladeildinni vegna gjaldþrota og ágreinings á vinnustað. Það má því áætla að sjötti til sjöundi hver félagsmaður hafi lent í alvarlegum ágreiningi við sinn vinnuveitanda eða misst vinnuna á árinu og þá eru ekki taldir með þeir fjölmörgu sem sagt var upp störfum á árinu en fengu blessunarlega strax vinnu aftur. Jafnframt fengu 2.399 félagsmenn styrki úr starfsmenntasjóðunum, 1.235 sóttu námskeið á vegum VR, 7.348 fengu greiðslur úr Sjúkrasjóði, 2.542 nýttu sér orlofshús og tjaldvagna og auk þess notuðu 2.204 félagsmenn orlofsávísanir til annars en í orlofshús VR. Auk þess hafa mætt um 750 manns á morgunverðarfundi með forstu félagsins. Alls urðu þetta því rúmlega 20 þúsund skipti sem félagsmenn komu við eða fengu þjónustu af hendi félagsins á síðasta ári, svarar það til 31% fjölgunar frá árinu á undan og 79% fjölgunar frá árinu 2000. Þá er ótalin sú þjónusta sem felst í ráðgjöf við félagsmenn og almenning í gegnum síma, en á síðasta ári svoruðu starfsmenn VR yfir 110.000 símtölum.

Í ljósi þessa umróts ákvað stjórn félagsins á vordögum 2002 að fara í stefnumótunarvinnu til að marka leið félagsins til næstu ára. Niðurstaða þeirrar stefnumótunar var að skilgreina VR sem lífsgæðafélag með það að markmiði að stuðla að auknum réttindum, auknum lífsgæðum á vinnumarkaði og að fjárhagslegu sjálfstæði félagsmanna. Hlutverk VR er að nýta styrk félagslegrar samstöðu til eflingar einstaklingsins innan félagsins með því að auka hæfni og möguleika fólks með betri menntun. VR er bakhjarl félagsmanna sína, stendur vörð um réttindi þeirra og sýnir þeim umhyggju og stuðning í veikindum og áföllum með öflugum sjóðum. Jafnframt er það stöðugt verkefni að vinna að eflingu kaupmáttar. Það má því segja að í dag hafi VR víðari skilgreiningu en áður. Við höfum bætt við nýrri áherslu í starfsemi félagsins sem kalla má baráttu fyrir aukinni virðingu til handa félagsmönnum okkar, bæði hvað snertir vinnuna og þær þarfir sem tengjast fjölskyldum þeirra.

Þessi mikla aukning á þjónustu við félagsmenn hefur skapað aukið álag á starfsfólk VR og því hefur verið nauðsynlegt að fylga starfsmönnum. Samkvæmt könnunum IMG Gallup þá eru félagsmenn VR ánægðastir með sitt stéttarfélag af félagsmönnum stærri stéttarfélaga. Ég vil þakka stjórn og starfsfólk fyrir vel unnin störf, árangur af starfi síðustu ára er okkur hvatning til að vinna að enn frekari eflingu lífsgæða okkar fólks.



VR kynnir starfsemi sína víða.

KAUP OG KJÖR

Breytingar á kjarasamningi milli VR og SA

Í kjarasamningum VR og SA er ákvæði um samningsforsendur, þar sem kveðið er á um skipan sérstakrar nefndar sem hefur það hlutverk að leggja mat á hvort forsendur kjarasamningsins hafi staðist. Mat nefndarinnar átti að fara fram í febrúar mánuði árin 2001, 2002 og 2003. Nefndin átti að fjalla um það á fyrrgreindum tímapunktum hvort sú forsenda sem samningarnir hvíla á, að verðbólga hafi farið minnkandi, hafi staðist.

Vegna endurskoðunar á samningi aðila hafa eftirfarandi atriði breyst á samningstímanum:

Breytingar urðu á orlofs- og desemberuppbótum í kjarasamningi aðila þann 7. mars 2001.

Orlofsuppbót frá 1. maí 2001 var ákveðin kr. 15.000.

Orlofsuppbót frá 1. maí 2002 var ákveðin kr. 15.300.

Orlofsuppbót frá 1. maí 2003 var ákveðin kr. 15.400.

Desemberuppbót árið 2001 var ákveðin kr. 40.000.

Desemberuppbót árið 2002 var ákveðin kr. 41.000.

Desemberuppbót árið 2003 var ákveðin kr. 42.000.

Samkomulag var gert milli VR og SA þann 13. desember 2001 um frestun á endurskoðun á kjarasamningi aðila, svo hægt væri að fara í aðgerðir til að lækka verðbólgu, styrkja gengi krónunnar og lækka vexti.

Í framhaldi af því var gert samkomulag um að frá 1. júlí 2002 myndi koma til viðbótarframlag í séreignarsjóð frá vinnuveitendum til þeirra launþega sem ekki voru að spara í séreign, sem nemur 1%. Þetta hafði ekki áhrif á þá launþega sem þegar höfðu verið að spara í séreignarsjóð.

Auk þess varð samkomulag um að almenn launahækjun yrði skv. kjarasamningi 3,4% þann 1. janúar 2003 í stað 3% sem samið var um í upphafi samningstímans.

Samningsforsendur kjarasamnings stóðust við endurskoðun í febrúar 2003 og því gildir kjarasamningur aðila til loka febrúar mánaðar 2004 án frekari breytinga.

Breytingar á kjarasamningi milli VR og SV/FÍS

Endurskoðun fór fram á samningi aðila dags. 3. júní 2002 á grundvelli greinar 1.3.j.

Samkomulag varð um eftirfarandi atriði:

Lágmarks launahækkanir: Samkomulag var um að lágmarkslaunahækjun kæmi þann 1. júlí 2002, til þeirra starfsmanna sem höfðu verið samfellt í starfi hjá sama vinnuveitanda sl. 12 mánuði og höfðu ekki fengið launahækjun sem samsvaraði 6% að lágmarki frá 1. janúar 2001. Þessir launþegar skyldu fá 6% launahækjun eða þann mismun sem upp á vantaði vegna þessa tímabils.

Lágmarkslaun ungmenna 16 og 17 ára hækkuð: Lágmarkslaun skulu vera fyrir 16 ára að lágmarki kr. 70.000 á árinu 2003 fyrir fulla vinnu og kr. 80.000 fyrir 17 ára ungmenni.

Desemberuppbót hækkuð: Desemberuppbót var hækkuð úr kr. 40.000 í kr. 45.000 fyrir árið 2002 og kr. 50.000 fyrir árið 2003.

Vinnutímastyttingu flýtt: Vinnutími sem styttast átti í áföngum niður í 36:15 klst. á viku. Þeim áfanga var náð þann 1. júlí 2002 í stað 1. janúar 2003 miðað við upphaflegan samning aðila.

Orlofsauki: Þeir starfsmenn sem starfað hafa hjá sama vinnuveitanda í 10 ár, fá nú 28 daga orlof og 12,07% orlofslaun í stað 27 daga í upphaflegum samningi aðila.

Mótframlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð flýtt: Mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð starfsmanns sem er með séreignarsparnað, skal vera 2% frá 1. júlí 2002 en átti að vera frá 1. janúar 2003 í upphaflegum samningi aðila.

Samkomulag varð einnig um að frá 1. júlí 2002 myndi koma til viðbótarframlag í séreignarsjóð frá vinnuveitendum til þeirra launþega sem ekki voru að spara í séreign, sem nemur 1%. Þetta hafði ekki áhrif á þá launþega sem þegar höfðu verið að spara í séreignarsjóð.

Fyrirtækjasamningar

Gerðir voru á tímabilinu samningar við Stöð 2 og Sýn auk samnings við Neyðarlínuna.

Kannanir og rannsóknir

Launakönnun

Launakönnun 2001 var kynnt í febrúar 2002, en árið 2003 var ákveðið að miða við laun í febrúar 2003 í stað launa septembermánaðar 2002. Launakönnun fyrir árið 2003 verður því kynnt í september 2003.

Fyrirtæki ársins 2002

Niðurstöður í vali um fyrirtæki ársins voru kynntar þann 7. júní 2002. Í flokki stærri fyrirtækja, þ.e. fyrirtækja með 50 VR félaga eða fleiri hlaut Háskólinn í Reykjavík titilinn en Tandur hf. í flokki minni fyrirtækja. Gefið var út aukablað með Morgunblaðinu, Pitt mál, sem fjallaði um könnunina.

Ímyndar- og þjónustukönnun

Gallup gerði símkönnun fyrir VR í ágúst/september 2002 til að kenna viðhorf til VR og þeirrar þjónustu sem það veitir. Niðurstöðurnar sýndu m.a. að 90% félagsmanna voru jákvæðir gagnvart VR, 7% hvorki né og 3 % neikvæðir.

Rýnhópar

Mannamál Góðs fólks McCann-Erickson framkvæmdi rýnhóparannsókn fyrir VR í janúar 2002. Þar var m.a. kannað viðhorf og væntingar til stéttarfélaga, hvernig starf VR hefði skilað sér og viðhorf ungs fólks til vinnumarkaðarins og stéttarfélaga.

Kjara- og innheimtumál á skrifstofunni

Þessum málauflokki var sinnt með hefðbundnum hætti, þ.e. með túlkun kjarasamninga og aðstoð við innheimtu launakrafna, auk ráðgjafar. Sú mikla aukning sem varð á 2001 – 2002 hélst óbreytt og voru til meðferðar um 1.150 mál sem er mjög sambærilegt við árið á undan.

Þau mál sem þurfti að stefna fyrir dómstólum voru mun fleiri en áður eða tæplega eitthundrað. Ef með eru taldar fjárnáms- og gjaldþrotabeiðnir er málaufjöldinn kominn hátt á þriðja hundrað.

Sá málauflokkur sem mest var í brennidepli á árinu varðaði uppsagnir og má þar helst nefna fjöldauppsagnir, sem hafa sennilega aldrei verið fleiri. Auk þess hefur sú gjaldþrotahrina sem hófst hjá fyrirtækjum á árinu 2001 haldið áfram.

Eineltis- og persónuverndarmál héldu áfram að vera stækkandi málauflokkur. Mikið var rætt um tölvupóst starfsmanna, hver réttur vinnuveitanda er til að skoða þann póst og var m.a. fjallað um þetta ágreiningsefni í dómsmáli sem félagið fór í og endaði fyrir Hæstarétti. Málið snerist um uppsögn á starfsmanni og taldi vinnuveitandi að starfsmaðurinn hefði valdið fyrirtækinu tjóni og lagði fram mikinn fjölda skjala sem var tölvupóstur starfsmannsins, máli sínu til stuðnings. Niðurstaðan varð launþeganum í hag og fengu gagnaðilar ávítur vegna framlagðra gagna á báðum dómsstigum, auk þess sem persónuvernd fékk málið til umfjöllunar. Um þennan dóm var fjallað bæði í fjlömiðlum og með greinarskrifum í blaði félagins.

Auk þess hefur borið talsvert mikið á því á síðustu mánuðum að þunguðum konum eða foreldrum í fæðingarorlofi hafi verið sagt upp störfum. Nokkur slík mál eru í frekari meðferð hjá féluginu, en miklar takmarkanir eru við slíkum uppsögnum sem vinnuveitendur hafa ekki virt sem skyldi. Afstaða félagsins í þessum málauflokki er hinsvegar mjög skýr og mun verða látið reyna á mál af þessum toga fyrir dómstólum ef á þarf að halda.

Að síðustu hafa málefni er varða trúnaðarlækna og skyldu launþega til að fara í læknisskoðanir hjá þeim verið talsvert í umræðunni innan félagsins og verða væntanlega tekin til frekari skoðunar. Í tengslum við eitt mál sem félagið var með í þessum málauflokki var sent erindi til Landlæknis, en svar frá embættinu hefur ekki borist.

FRÆÐSLA

Námskeið

Félagsmönnum VR var boðið upp á ýmis námskeið veturinn 2002-2003 þeim að kostnaðarlausu. Haldin voru yfir 20 mismunandi námskeið og voru 9 þeirra ný. Samtals voru haldin námskeið 66 sinnum sem um það bil 1.050 manns sóttu. Einnig voru haldin 3 námskeið á Akranesi; Að semja um launin, Vellíðan á vinnustað og Sjálfstraust og sjálfsöryggi. Aðsókn var mjög góð í flest námskeiðanna og var námskeiðið Sjálfstraust og sjálfsöryggi langvinsælast. Dræm þátttaka var hinsvegar í starfsgreinanámskeiðin og þau námskeið sem sniðin voru fyrir atvinnulausa félagsmenn.

Þau námskeið sem voru í boði veturinn 2002-2003:

Að semja um launin	Námskeið í textíl
Á krossgötum	Netnámskeið um starfsmannaviðtalið
Betri fjárhagur	Réttindi og skyldur
Bækur og ritföng	Sala á byggingavörum
Hver eru helstu áhugasvið þín?	Samhæfing starfs- og einkalífs
Konur til forstu	Sjálfstraust og sjálfsöryggi
Markaðssetning ferðaþjónustu	Starfs- og námsráðgjöf
Markviss atvinnuleit	Tjáning og tækifærí
Markviss þjálfun í launaviðtali	Vellíðan á vinnustað
Meðferð og sala á grænmeti og ávöxtum	

Námskeið fyrir trúnaðarmenn

Þrjú trúnaðarmannanámskeið fyrir nýja trúnaðarmenn voru haldin í vetur og eitt framhaldsnámskeið. Alls sátu 68 trúnaðarmenn námskeiðin. Einnig var boðið upp á Trúnaðarmannaskólann, ekki var þó næg þátttaka og féll hann því niður að þessu sinni.

Fyrirlestraröð VR

Boðið var upp á þá nýjung á haustönn að hafa fyrirlestraröð í hádeginu, þar sem boðið var upp á léttar veitingar um leið og hlýtt var á áhugaverð erindi. Fimm fyrirlestrar voru haldnir á tímabilinu og þá sóttu um 200 manns.

Kynningar í skólum

Sjöunda árið í röð var 10. bekkingum gagnfræðaskólanna á höfuðborgarsvæðinu boðið upp á kynningu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Einnig var ákveðið að bjóða efstu bekkjum framhaldsskólanna upp á sambærilega fræðslu. Alls sóttu þessa fræðslu 1.770 nemendur frá 29 skólum. Áframhaldandi samstarf var við Vinnuskóla Reykjavíkur. Einnig var háskólanemum boðið upp á námskeiðið „Út í atvinnulífið“.

Önnur verkefni

VR tók þátt í viku símenntunar sem var haldin í september 2002. Auk þess tók VR þátt í Framadögum í janúarlok 2003. Lokaverkefnastyrkur VR var veittur í byrjun nóvember 2002. Styrkinn hlaut Sverrir Jónsson nemandi í hag- og atvinnulífsfræði við Háskóla Íslands með verkefnið: Hagur atvinnulífsins af endurmenntun. Ákveðið var að afhenda lokaverkefnastyrk VR árið 2003 í mars þar sem styrkurinn var auglýstur í tengslum við Framadaga að þessu sinni. Styrkinn fyrir árið 2003 hlutu Ásgerður Ósk K. Jakobsdóttir og Dagný Jónsdóttir nemendur í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Verkefni þeirra er að rannsaka starfsmannveltu matvöruverslana.

Styrkir til félagsmanna

Á árinu 2002 fengu alls 2.033 félagsmenn styrki úr starfsmenntasjóðunum vegna náms hjá rúmlega þrjúhundruð mismunandi skólum og stofnunum að upphæð 58.421.693.

Styrkir vegna fræðslu- og menningarmála

	Upphæð kr.
Fræðslustyrkir til félagsmanna VR, alls 2.399 félagsmaður	58.421.693
Rannsókn á ísl. vinnumarkaði í nútíð og framtíð	750.000
Nýsköpunarsjóðsverkefni	440.000
Lokaverkefnastyrkur	250.000
Lúðrasveit verkalýðsins	250.000
Jafnréttisátak HÍ, Lykillinn að velgengni	200.000
Aukinn hlutur kvenna í stjórnmálum	150.000
Hönnunarsafn Íslands	100.000
Annað	279.700
Samtals	60.841.393

Framkvæmdastjórn fræðslusjóðs VR

Í framkvæmdastjórn fræðslusjóðs VR sitja Rannveig Sigurðardóttir formaður, Bjarndís Lárusdóttir, Edda Kjartansdóttir, Sigrún Baldursdóttir og Sigurður Sigfusson.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Í stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks sitja Alda Sigurðardóttir, ritari (VR), Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (VR), Júníu Þorkelsdóttir (LÍV), Sigurður Jónsson, formaður (SA), Gunnar Ingi Guðmundsson (SA) og Anna Rós Ívarsdóttir (SA).

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Í stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar sitja Alda Sigurðardóttir (VR), Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (VR), Stefán S. Guðjónsson formaður (SV-FÍS) og Halldór Páll Gíslason (SV-FÍS).



Hádegisfyrilestrar eru nýbreytni hjá VR.

HEILBRIGÐISMÁL

Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði

Varðandi tekjur árið 2002 vísast til reikninga aftast í árskýrslunni. Greiddar bætur sunduriðast þannig:

a) Sjúkra- og dagpeningar

	Fjöldi	Upphæð kr.
Dagpeningar vegna veikinda	469	204.128.384
Dagpeningar vegna áfengisvanda	48	7.998.178
Dagpeningar vegna veikinda barna	26	2.279.855
Dagpeningar vegna maka	4	1.532.176
Sjúkra-og slysadagpeningar samtals	547	215.938.593

(2001, fjöldi 521, kr.161.561.956)

b) Dánarbætur

	Fjöldi	Upphæð kr.
Dánarbætur félagsmanna undir 70 ára	23	20.360.000
Dánarbætur félagsmanna eldri en 70 ára	22	6.300.000
Dánarbætur samals	45	26.660.000

(2001 fjöldi bótaþega 55, kr.21.550.000)

c) Slysabætur

	Fjöldi	Upphæð kr.
Örorkubætur	6	3.018.556
Slysabætur samtals	6	3.018.556

(2001, fjöldi bótaþega 3, kr. 1.259.358)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Bætur samtals	598	245.617.149

(2001, fjöldi bótaþega 781, kr. 234.125.189)

Styrkir til sjóðfélaga

	Fjöldi	Upphæð kr.
Heilsuræktarnámskeið	3.681	39.966.164
Sjúkraþjálfun	933	7.914.279
Krabbameinsskoðun	1.092	1.315.998
Gleraugu	1.068	13.607.701
Hjarta- og lungnastöðin og Hjartavernd	51	164.262
Glasafrjóvgun	49	3.769.000
Hjálpartæki	24	173.026
Líf-, sjúkdóma- og slysatrygging	442	3.674.139
Aðrir styrkir	8	493.880
Styrkir til sjóðfélaga samtals	7.348	71.078.449

(2001, fjöldi styrkþega 6.841, kr. 46.755.595)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Bætur og styrkir til félagsmanna 2002 samtals	7.946	316.695.598

(2001, fjöldi bóta- og styrkþega 7.622, kr.280.880.784)

Styrkir til stofnana og félagasamtaka 2002

	Upphæð kr.
Klúbburinn Geysir	1.000.000
Blindrafélagið	250.000
Vímulaus æska	200.000
Styrktarfélag vangefinna	120.000
Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra	100.000
Annað	1.027.715
Styrkir til stofnana og félagasamtaka 2002 samtals	2.697.715

(2001, kr. 3.176.829)

Endurtrygging**(189.659)****Bætur og styrkir úr Sjúkrasjóði samtals****319.203.654**

(2001, kr. 283.524.887)

Stofnstyrkir úr framkvæmdasjóði Sjúkrasjóðs VR

Samþykkt á aðalfundi árið 2002, að veita 50 milljónum króna til Hjúkrunaheimilisins Eirar, sem kemur til greiðslu á árinu 2003.

Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2002-2003

Gunnar Páll Pálsson formaður

Benedikt Vilhjálmsson

Kolbeinn Sigurjónsson

Stefanía Magnúsdóttir

Steinar J. Kristjánsson

Varamenn:

Edda Kjartnsdóttir

Jóhanna E. Vilhelmsdóttir



Sjúkrasjóður VR greiðir dagpeninga vegna veikinda.

ORLOFSMÁL

Orlofshús árið 2002

Á árinu 2002 voru 41 orlofshús og íbúðir ásamt 37 tjaldvögnum í eigu VR. Sjá nánar töflu hér að neðan með upplýsingum um staðsetningu húsanna. Á árinu tók félagið á leigu nokkur hús og endurleigði til félagsmanna. Var því vel tekið og ákvað stjórni Orlofssjóðs að halda því áfram. Nýting yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í þeim húsum sem hafa heita potta, auk þess eru íbúðnar á Akureyri vinsælar yfir vetrarmánuðina. Í desember sl. var gerður samningur um leigu á tveimur orlofshúsum við Varmahlíð í Skagafirði allt árið en þau hús eru með heitum pottum og öllum búnaði.

Nýting orlofshúsa og vagna 2002

	Sumar Fjölskyldur	Vetur Fjölskyldur	Samtals Fjölskyldur
Akureyri (5)	107	154	261
Einarsstaðir (2)*	40	1	41
Flúðir (3)	59	122	181
Húsafell (3)	60	107	167
Kirkjubæjarklaustur (2)	49	32	81
Miðhúsaskógr (21)**	419	653	1072
Stykkishólmur (1)	18	29	47
Stóri-Kambur(2)	36	31	67
Skyggnisskógr(1)	18	20	38
Ölfusborgir (1)*	19	107	126
Tjaldvagnar (37)	302	0	302

Félagið tók á leigu eftirtalin hús sumarið 2002

Einarsstaðir (2)	20	0	20
Úlfsstaðaskógr (2)	16	0	16
Bakki í Vatnisdal (3)	35	0	35
Vestmannaeyjar (2)	17	0	17
Súðavík	8	0	8
Vík í Mýrdal	6	1	7
Gerðhamrar	6	0	6
Varmahlíð	12	0	12
Spánn	36	2	38
Samtals 2002	1283	1259	2542
Samtals 2001	1060	1047	2107

* Ölfusborgir og Einarsstaðir eru leigðar út á vegum rekstrarfélaganna yfir vetrarmánuðina, VR félagar hafa aðgang að húsum þar á félagsafslætti, geta þá fleiri verið en fjöldi húsa VR gefur til kynna.

** Þar af er eitt hús í Miðhúsaskógi umsjónarhús og geymsla.

Spánn

Sumarið 2002 voru teknar voru á leigu 5 íbúðir í námunda við Torrevieja á Spáni sem er um 50 km. suður af Alicante. Þær voru leigðar frá byrjun maí og fram í október. Í ljós kom að ekki var ásókn íbúðirnar fyrr en í júní og fram í ágúst. Því var ákveðið fyrir sumarið 2003 að leigja tíu íbúðir á tímabilinu júní og fram í ágúst. Íbúðirnar leigðust allar út.

Orlofsávísanir

Orlofsávísun að upphæð kr. 5.000 var í fyrsta sinn send til félagsmanna í apríl 2002 en samið hafði verið við 5 ferðaþjónustuaðila um samstarf, um haustið bættust svo 4 við. Ávísunin gilti sem afsláttur upp í þjónustu þessara aðila. 4.179 félagsmenn nýttu sér ávísunina árið 2002 og þar af voru tæplega 2.000 notaðar sem greiðsla upp í orlofshús félagsins. Aftur voru svo sendar út orlofsávísanir í janúar 2003 en þá hafði náðst samstarf við 16 aðila.

Fyrstur kemur fyrstur fær

Sumarið 2002 var í fyrsta sinn hægt að leigja 5 orlofshús 1-4 daga í senn. Þá gilti reglan fyrstur kemur fyrstur fær, óháð punktafjölda félagsmanna. Þetta reyndist vel og í ár var ákveðið að fjölgja þeim húsum í 10 sem leigð verða með þessu fyrirkomulagi.

Breyting á páskaleigu

Árið 2002 gafst félagsmönnum VR í fyrsta sinn kostur á að leigja orlofshús hálfu páskavikuna.

Stjórn orlofssjóðs starfsárið 2002 til 2003

Benedikt Vilhjálmsson formaður

Bjarndís Lárusdóttir varaformaður

Grétar Hannesson

Gunnar Böðvarsson

Reynir Jósepsson

Sigurður Sigfússon

Valur M. Valtysson

Varamenn:

Kristín Sigurðardóttir

Steinar J. Kristjánsson



Orlofsávísun VR hefur vakið ánægju félagsmanna.

ATVINNULEYSISBÆTUR

Úthlutun atvinnuleysisbóta

Skrifstofa VR annast úthlutun og greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta nr. 2 fyrir höfuðborgarsvæðið. Nefndin heldur fundi hálfsmánaðarlega og fer yfir allar nýjar umsóknir og úrskurðar um gildi þeirra. Um er að ræða umsóknir frá félagsmönnum VR og 72 annarra félaga og samtaka. Öll vinna er lýtur að útreikningum og bótarétti umsækjenda ásamt útborgun atvinnuleysisbóta, sem fram fer hálfsmánaðarlega, er unnin á skrifstofu VR.

Fjöldi sem fékk greiddar bætur - öll félög

	2002	2001
Konur	2.023	1.192
Karlar	1.633	674
Samtals	3.656	1.866

Fjöldi félagsmanna VR sem fékk greiddar bætur


	2002	2001
Konur	1.495	891
Karlar	913	386
Samtals	2.408	1.277

Bótagreiðslur

	2002	2001
Greiddar bætur, öll félög	1.030.872.350	422.284.189
Greiddar bætur til VR félaga	578.994.663	277.246.719

Hámarksbætur fyrir einstakling frá 1. janúar 2003 eru kr. 3.574 fyrir hvern virkan dag atvinnuleysis eða um það bil kr. 77.449 á mánuði.

Fjöldi atvinnulausra VR félaga árin 1992 – 2002



Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta nr. 2 skipa:

Margrét Tómasdóttir, formaður
Árni Leósson, ASÍ, varaformaður
Birna S. Karlsdóttir, BSRB
Jakobína Jónsdóttir, SA
Kristín Jónsdóttir, SA

LÍV flytur í húsnæði VR

Á 23. LÍV þungi vorið 2002 var samþykkt að semja við VR um rekstur sambandsins í þeim tilgangi að hagræða. Í framhaldi af því flutti sambandið í húsnæði VR í október sl. Starfsmenn LÍV, þær Ingibjörg R. Guðmundsdóttir formaður og Ástríður S. Valbjörnsdóttir eru því nú einnig starfsmenn VR. Ingibjörg hefur tekið að sér málefni sem varða tengsl við önnur félög innanlands og erlendis auk starfanna fyrir LÍV.

Fundir

Á starfsárinu voru haldnir 13 fundir í stjórn félagsins. 2 fundir voru haldnir í trúnaðarráði á starfsárinu. Auk þess voru haldnir fjölmargir vinnustaðafundir.

Nýársfundur

Þann 9. janúar 2002 var haldinn nýársfundur VR, en þar var hugað að kjarasamningi og almennri stefnumótun félagsins auk þess sem kynntur var framboðslisti stjórnar og trúnaðarráðs fyrir árið 2003.

Ráðgjafarnefnd félagsmanna

Til að koma til móts við óskir og ábendingar félagsmanna og til þess að stuðla að meiri samheldni og virkni innan félagsins var ákveðið á síðasta ári að koma á svokallaðri Ráðgjafarnefnd félagsmanna. Hugmyndin var sú færa félagið nær félagsmönnum og komast að því hvað brennur helst á fólkí hverju sinni og fá þar með hugmyndir að nýrri og bættri þjónustu. Félagmönnum er boðið að koma á morgunverðarfund með formanni og starfsfólk félagsins til að fræðast og tjá sig um starfsemina. Í vetrar hafa verið haldnir 57 slíkir fundir fundir með félagsmönnum og fundaherferðin enn í fullum gangi. Um 750 manns hafa nú þegar sótt þessa fundi.

Ársfundur ASÍ var haldinn dagana 31. október og 1. nóvember 2002. Á fimmta tug fulltrúa VR sátu fundinn. Þar var m.a. fjallað um velferðarkerfið og Evrópumálin.

23. þungi LÍV var framhaldið í byrjun maí 2002 þar sem samþykktar voru viðamiklar breytingar á skipulagi félagsins. Þar var samþykkt að LÍV flytti í hús til VR á árinu. Fulltrúar VR á þinginu voru 61.

Erlent samstarf

Höfuðborgaráðstefnan var að þessu sinni haldin í Oslo dagana 9.-12. júní. Á ráðstefnunni var fjallað um opnunartíma verslana. 7 stjórnarmenn sóttu ráðstefnu auk Guðmundar B. Ólafssonar lögfræðings VR.

Einar M. Nikulásson og Benedikt Vilhjálmsson fóru til Spánar til að kynna sér staðsetningu orlofshúsa í Torrevieja.

Alda Sigurðardóttir og Harpa L. Gunnarsdóttir sóttu ráðstefnu í Svíþjóð í maí 2002 um það hvernig að halda í og fylga félagsmönnum stéttarfélaga.

Alda Sigurðardóttir sótti ráðstefnu í Kaupmannahöfn um kynningarmál stéttarfélaga 25.-27. nóvember 2002.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir sótti vinnufund vegna Höfuðborgaráðstefnu í Finnlandi 3.-4. desember 2002. Hún sótti einnig ráðstefnu WoMen and Democracy í Tallin dagana 13. – 14. febrúar 2003, sem var framhald ráðstefnunnar Konur og lýðræði sem haldin var í Reykjavík 1999.



Áhugasamir félagsmenn VR á morgunverðarfundi.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Félagsmál

1. maí

Baráttudagur verkalýðsins var haldinn hátíðlegur á hefðbundinn hátt með kröfugöngu og útifundi á Ingólfstorgi. Tæplega 1.300 manns þáðu kaffiveitingar á Hótel Íslandi eftir fundinn.

Síðegisboð á uppstigningardag

Um 700 manns sóttu árlegt síðegisboð fyrir eldri félagsmenn á Hótel Íslandi á uppstigningardag þann 9. maí. Ávarp dagsins flutti Magnús L. Sveinsson fyrrv. formaður VR.

Fjölskylduhátið á frídegi verslunarmanna

Á tíundaþúsund gestir komu fjölskylduhátið á frídegi verslunarmanna þann 5. ágúst.

Golfmót var haldið í fyrsta sinn á vegum félagsins þann 3. ágúst sl. Var það haldið í samvinnu við Golfklúbb Reykjavíkur í Grafarholti. Rúmlega eitthundrað manns tóku þátt í mótinu.

Jólaball Ákveðið var að endurvekja hið árlega jólaball félagsins og var það haldið 29. desember á Hótel Íslandi. Um 500 manns, börn og fullorðnir skemmtu sér þar með ágætum.

Útgáfu- og kynningarmál

VR blaðið kom út sex sinnum á árinu 2002. Blaðið er gefið út í 21 þúsund eintökum og sent til félagsmanna VR. Það er í upplagseftirliti Verslunarráðs Íslands. Á árinu gaf VR að auki út eitt tölublað af blaðinu Pitt mál sem dreift var með Morgunblaðinu. Heimsóknir á vefsíðu félagsins www.vr.is voru að meðaltali frá júlí 2002 til febrúar 2003, 189 á dag, 1.210 á viku og heildarfjöldi heimsókna á þessu tímabili var 45.848 heimsóknir.

VR stóð á haustmánuðum 2002 fyrir auglýsingaherferð til að skerpa á rétti félagsmanna til starfs- og launaviðtals skv. kjarasamningum. Þá var hafist handa við að dreifa póstkortum til ýmissa markhópa innan félagsins með upplýsingum t.d. um kjaramál, fræðslumál og fleira. Gefnir voru út bæklingar sem dreift var með orlofsávísun 2002 og 2003 um nýtingarmöguleika ávísunarinnar. Bæklingurinn „Hvað gerir VR fyrir þig“ kom út í byrjun árs 2003 en þar eru tilgreind í stuttu máli réttindi félagsmanna VR.

Aðild að stofnunum

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur á beina aðild eftirtoldum stofnunum:

Alþýðusamband Íslands • Eir, hjúkrunar- og umönnunarheimili • Fjölmíðlasambandið
Landssamband íslenskra verzlunarmanna • Lífeyrissjóður verzlunarmanna • Verzlunarskóli Íslands

Félagatal

Fullgildum félagsmönnum fjöldaði um tæplega 3% á milli ára. Heildarfjöldi þeirra sem höfðu viðkomu í félagini og greiddu einhver félagsjöld til VR á árinu 2002 var 29.744 sem er um það bil 1% fleiri en árið 2001.

Ár	Greitt lágmark	Gjaldfríir eldri félagar	Fullgildir félagsm.	Undir lágmarki	Heildarfjöldi félagsmanna
1995	11.620	822	12.442	5.308	17.750
1996	12.813	802	13.615	6.267	19.882
1997	13.104	833	13.937	7.586	21.523
1998	14.326	935	15.261	8.896	24.157
1999	16.228	982	17.210	9.308	26.518
2000	17.705	993	18.698	9.911	28.609
2001	18.138	1.051	19.189	10.268	29.457
2002	18.699	1.067	19.766	9.978	29.744

Félagsjöld

Félagsjald til VR er 1% af launum. Lágmarksgjald til að öðlast félagsréttindi á árinu 2002 var kr. 6.048.

Af þeim sem náðu lágmarki eru 60% konur. Af þeim sem ekki náðu lágmarki eru 66% konur.

Skipulag á skrifstofu


Á vordögum 2002 var hafist handa við stefnumótun félagsins til að marka stefnu til næstu ára, bæði í innra starfi og út á við. Þróunarsvið KPMG var fenginn til að aðstoða stjórn og starfsmenn við vinnuna.

Varðandi innra skipulag þá lá sú ákvörðun fljóttlega fyrir að skipta félagini upp eftir sviðum og ráða stjórnendur á hvert svið. Sviðin urðu fjögur; rekstar- og fjármálasvið, þjónustusvið, tengslasvið og samskipta- og þróunarsvið. Forstöðumenn sviða bera ábyrgð á hverju sviði fyrir sig og eru helstu samstarfsmenn formanns. Stjórn félagsins og formaður bera svo endanlega ábyrgð á félagini.

Starfsmenn félagsins

Hjá félagini starfa 47 starfsmenn í 43 og hálfu stöðugildi, auk þess sem 4 eru í hlutastörfum við umsjón orlofshúsa og 4 í sumarstörfum við hirðingu og afhendingu tjaldvagna.

Á starfsárinu voru ráðnir 6 nýir starfsmenn á skrifstofu félagsins í Reykjavík; Ragnhildur Anna Þorgeirs dóttir, Gunnar Kristinn Hilmarsson, Sigurlaug Hilmarsdóttir, Anna J. Sævars dóttir, Andrjes Guðmundsson og Kristín Sigurðardóttir. Í mötuneyti var Kristjana Skarphéðinsdóttir ráðin til starfa og Ásta K. Sveinsdóttir í ræstingar. Fimm starfsmenn voru ráðnir til starfa í þjónustuver félagsins á Akranesi; Málfríður Þorkelsdóttir, Júníu Þorkelsdóttir, Dóra Björk Scott, Sigrún Esther Guðmundsdóttir og Sigrún Svava Gísladóttir. Til félagsins komu enn fremur til starfa Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Ástríður Valbjörnsdóttir frá LÍV. Magnús L. Sveinsson hætti sem formaður VR á síðasta aðalfundi. Tveir starfsmenn létu af störfum á árinu; Kristín Sveinsdóttir og Guðmundur B. Ólafsson lögfr. sem hóf sjálfstæðan rekstur en sinnir þó áfram lögfræðistörfum fyrir hönd félagsins.



ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu eru:

Gunnar Páll Pálsson formaður

Fjármála- og rekstrarsvið:

Sigurlaug Hilmarsdóttir	forstöðumaður
Auður Búadóttir	bókhald
Sigrún Viktorssdóttir	starfsmannahald – gjaldkeri
Andrjes Guðmundsson	upplýsingatækni – umsjón
Björn H. Björnsson	upplýsingatækni
Elvar Níelsson	upplýsingatækni
Gunnar Kristinn Hilmarsson	gæðamál
Einar M. Nikulásson	eignaumsýsla – umsjón
Ásta Kristín Sveinsdóttir	ræstingar
Elín Sveinsdóttir	ræstingar
Fríða Hjaltested	húsnaði
Kristjana Skarphéðinsdóttir	mötuneyti
Jóhann Haflidason	trésmiður

Samskipta- og þróunarsvið:

Kristín Sigurðardóttir	forstöðumaður
Alda Sigurðardóttir	fræðsla
Elísabet Magnúsdóttir	bein félagatengsl
Grétar Hannesson	bein félagatengsl
Harpa L. Gunnarsdóttir	bein félagatengsl
Anna Björg Siggeirs dóttir	útgáfa og kynningarmál
Steinunn Böðvarsdóttir	útgáfa og kynningarmál

Þjónustusvið:

Elías Magnússon	forstöðumaður
Anna J. Sævars dóttir	kjaramál
Hallur Guðjónsson	kjaramál
Reynir Jósepsson	kjaramál
Snorri Kristjánsson	kjaramál
Þorgrímur Guðmundsson	kjaramál
Hafsteinn J. Hannesson	þjónustuver – umsjón
